



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 20. nóvember 2017

VEL2015050015

0.1

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Tillaga, dags. 7. nóvember 2017, um framlengingu á reglum um beingreiðslusamninga.

Á fundi velferðarráðs þann 16. nóvember 2017, var lögð fram tillaga, dags. 7. nóvember 2017, um framlengingu á reglum um beingreiðslusamninga.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata og áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggja fram eftirfarandi bókun:

Samþykkt er að taka út tímamörk í reglum um beingreiðslusamninga. Er það gert þar sem mikilvægt er að útrýma þeirri óvissu sem notendur þjónustu upplifa með tímabundnum reglum. Nú stendur yfir heildarendurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu og beingreiðslusamninga. Ítrekuð er fyrri bókun um að við endurskoðun á reglum verði haft fullt samráð við hagsmunasamtök og notendur þjónustunnar.

Þetta er hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Skrifstofa Lögfræðiskrifstofa velferðarsviðs og
skrifstofa þjónustunnar heim.
Vinnsla Bára Sigurjónsdóttir og Sigurbjörg
Fjölinsdóttir
Ábyrgðarmaður Helga Jóna Benediksdóttir og
Berglind Magnúsdóttir
Dags. 7. nóvember 2017
GoPro nr. VEL2015050015

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16. nóvember 2017

Tillaga

Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingu á 13. og 29. gr. reglna um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

Greinargerð:

Reglur Reykjavíkurborgar um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 27. ágúst 2015 og á fundi borgarráðs þann 3. september 2015. Þegar reglurnar voru samþykktar var þeim afmarkaður stuttur gildistími, þ.e. frá 1. október 2015 til 30. september 2016. Ástæðan fyrir því að gildistími reglnanna var einungis eitt ár var vegna þess að nauðsynlegt þótti að sjá þá þróun sem yrði á gerð beingreiðslusamninga við setningu reglnanna. Á fundi velferðarráðs þann 1. september 2016 var svo samþykkt að framlengja gildistíma reglnanna til 31. desember 2017.

Reglur um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík hafa nú verið í gildi frá 1. október 2015 og er talið að þær hafi nýst vel sem valmöguleiki í þjónustu við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík. Auk þess er talið að stuttur gildistími reglnanna geti skapað óvissuástand fyrir þá einstaklinga sem nú þegar þiggja þjónustu í formi beingreiðslusamnings en allir núverandi samningar við notendur renna út þann 31. desember 2017. Þykir því tímabært að gildistími reglnanna verði framlengdur ótímabundið.

Núgildandi 13. gr. reglna um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík er svohljóðandi:

13. gr.

Gildistími beingreiðslusamnings

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður við notanda skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn, þó aldrei lengur en til 31. desember 2017.

Lagt er til að 13. gr. reglna um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík verði svohljóðandi:

13. gr.

Gildistími beingreiðslusamnings

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður við notanda skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn.

Núgildandi 29. gr. reglna um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík er svohljóðandi:

29. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar öðlast gildi 1. október 2016 og gilda til 31. desember 2017.

Lagt er til að 29. gr. um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík verði svohljóðandi:

29. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2018.

Samantekt/niðurstaða:

Reglur um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 27. ágúst 2015 og á fundi borgarráðs þann 3. september 2015. Samkvæmt núgildandi 29. gr. framangreindra reglna gilda þær til 31. desember 2017 og er því nauðsynlegt að framlengja reglurnar sé þeim ætlað að gilda lengur. Lagt er til að gildistími reglnanna verði framlengdur ótímabundið.